



Borgarráð

Umsögn - Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um úthlutun lóða í Suður-Mjódd til félags eldri borgara.

„Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja til að Félag eldri borgara verði úthlutað lóð undir fjölbýlishúsi í Syðri-Mjódd til viðbótar þeim tveimur lóðum sem félaginu hefur nú þegar verið úthlutað á svæðinu. Mikil spurn er eftir íbúðum félagsins og ljóst að það þarf á fleiri lóðum að halda til að geta svarað henni. Margvíslegt hagræði verður af því að úthluta félaginu slíkri viðbótarlóð sem næst öðrum lóðum er félagið hefur nú þegar fengið til uppbyggingar í Mjóddinni. Ljóst er t.d. að hagkvæmt er að koma slíkri viðbótarlóð fyrir sem næst þjónustumiðstöð velferðarsviðs að Árskógum 4 sem veitir eldri borgurum mikilvæga þjónustu“

Á nýju deiliskipulagi Suður Mjóddar eru fjórar fjölbýlishúsalóðir. Árskógar 1 - 3 sem var úthlutað til Félags eldri borgara og Árskógar 5 – 7 sem var úthlutað til Búseta. Lóðin Árskógar 5 -7, sem að tillagan tekur væntanlega til, er því ekki lengur á forræði Reykjavíkurborgar. Í ljósi þessa er ekki mælt með því að þessir samningar verði teknir upp við Búseta með það að markmiði að endurúthluta Félagi eldri borgara lóðinni. Skrifstofan mun áfram vinna með Félagi eldri borgara að því að finna hentugar lóðir til uppbyggingar.

Virðingarfyllt

Hrólfur Jónsson